

## Fundargerð

### 82. stjórnarfundur FHA haldinn 18. jan. 2016 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Kristján Óskarsson (GKÓ), Þorlákur Axel Jónsson (ÞAJ), Ólína Freysteinsdóttir, Hreiðar Valtýsson og Auðbjörg Björnsdóttir (AB). ), Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir boðaði forföll.

#### Dagskrá:

1. Fundartími

Ákveðið að fundartími stjórnar verði 2. mánudag í mánuði kl. 12:00 í Austurborg. Mánudagarnir 15. feb., 14. mar., 11. apr. og 9. maí verða fundardagar samkvæmt því.

2. BHM

- Bandalagið ætlar að halda fundi með aðildarfélögum sínum:
- Áform um hækkun lífeyrisaldurs voru rædd. Umræður urðu fjörugar, með og á móti.
- Formannafundur BHM er framundan.
- Stefnumótunarþing verður haldið í Reykjavík 3. feb. nk. Stjórnarmönnum býðst að mæta til þess ásamt formanni.

3. Stofnanasamningur

Ekki hefur verið haldinn fundur vegna stofnanasamnings og ekki hefur orðið af undirritun samnings.

4. Skrefið í launaröðun starfsfólks

Stjórn FHA gerir kröfu um að grunnmat starfa við HA fari fram í samræmi við kerfisbundið starfsmat HÍ vegna launaröðunar starfsfólks í stjórnslu. Forsvarsmönnum félagsins er falið að taka málið upp í samstarfsnefnd. Þetta er lykilatriði fyrir framkvæmd jafnlaunastefnu HA.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:20

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.